

Menningar - og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7  
101 Rvk.

Reykjavík 31. ágúst 2022

### **Umsögn um frumvarp til laga um tónlist nr. xx/2022**

Fyrir hönd Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. er því fagnað að fram sé komið frumvarp til laga um tónlist. Fjöldamargt jákvætt og tímabært er að finna í frumvarpinu – ekki síst styrking á stöðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og stofnun Tónlistarmiðstöðvar sem skuli vera samstarfsvettvangur atvinnulífs, hagsmunasamtaka, hagaðila og stjórnvalda um stefnu og aðgerðir í málefnum tónlistar. Miðað við önnur helstu hlutverk og verkefni miðstöðvarinnar er ljóst að fjölmargir samstarfsfletir verða á milli hennar og Hörpu - stærsta tónlistarhúss landsins.

Svo virðist sem skerpa megi á hlutverki fyrirhugaðs tónlistarráðs því í frumvarpinu er ekki nægilega skýrt hvert hlutverk og samhengi þess er við Tónlistarmiðstöð þ.e. eftir að stefnumótun sleppir. Sérstök stjórn er yfir miðstöðinni og eðlilegt að hún sé að megninu til skipuð fulltrúum „hagaðila“ sem nánar eru skilgreindir sem fagfélögin í tónlistargeiranum. Stjórn yfir sjálfseignastofnun hefur skýru hlutverki að gegna og því vakna spurningar um útfærsluna á ráðgefandi þriggja manna tónlistarráði sem skipað er af ráðherra eftir tilnefningar frá svokölluðum hagaðilum.

Í greinargerð með frumvarpinu birtist svo listi yfir umrædda hagaðila sem haldið er utan um hjá ráðuneyti menningarmála. Listinn vekur upp mjög áleitnar spurningar um það hvernig hagsmunir eða mikilvæg aðkoma eða hlutverk í tónlistarlífi landsins er skilgreind. Þannig er t.a.m. ekki að sjá að Harpa sé talinn til „hagaðila“ í tónlist á Íslandi. Í þessu sambandi er rétt að upplýsa að í Hörpu eru haldnir allt að 700 tónleikar á ári og endurspeglar tónleikahaldið gríðarmikla breidd líkt og fjöldinn gefur til kynna. Þau skipta hundruðum tónlistarfólkið, skipuleggjendurnir og tæknifólkið sem kemur beint að því viðburðahaldi – auk fjölmargra annarra starfsmanna í stoðgreinum viðburðahalds. Harpa hefur því ekki aðeins mikilvægu hlutverki sem vettvangur fjölbreyttrar tónlistarmiðlunar og menningar að gegna heldur einnig sem atvinnuskapandi fyrir tónlistargeirann í heild sem aftur stuðlar að sterkari iðnaði og fagmennsku.

Harpa hefur í stefnumótun sinni endurspeglað eigendastefnu ríkis og borgar hvað varðar menningarlegt hlutverk hússins og starfar því undir þeim merkjum að húsið þurfi bæði að vera heimavöllur íslenskrar tónlistar og heimssvið fyrir alþjóðlega strauma. Fjöldinn allur af samstarfsverkefnum á sviði tónleikahalds, tónlistarfræðslu og upplifunar – ekki síst fyrir börn –

2

eru unnin í samvinnu við húsið auk þess sem það stendur sjálft að völdum tónlistarviðburðum í eigin nafni sem eru til þess fallnir að breikka viðburðahald á sviði tónlistar.

Í ljósi þess að ýmsar greinar frumvarpsins vísa beint til hlutverks til „hagaðila tónlistar“ er brýnt að vandað sé til þeirra skilgreininga sem að baki hugtaksins liggja. Hagur tónlistargeirans og Hörpu er samtvinnaður líkt og rakið hefur verið hér að ofan og hvort gæti trauðla án hins verið. Því er hvatt til þess að mikilvægt hlutverk Hörpu á flestum sviðum íslensks tónlistarlífs – og ekki síður annarra sérhannaðra tónlistarhúsa - sé haft í huga þegar skilgreiningar á haghöfum verða uppfærðar.

Með vinsemd og virðingu



Svanhildur Konráðsdóttir

forstjóri Hörpu